

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Indénas

Litáísk þýðing á hluta af Indjábanum eftir Jón Gnarr

Ritgerð til B.A.-prófs

Giedre Razgute

Kt.: 181288-4189

Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir

Janúar 2018

ÁGRIP

Þessi ritgerð er lokaritgerð til BA-prófs í íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Lokaritgerðin er þýðing úr íslensku yfir á litáísku á nokkrum köflum úr bókinni *Indjáninn* eftir Jón Gnarr. Ritgerðinni er skipt í tvennt. Fyrri hlutinn er fræðileg umfjöllun en síðari hlutinn er þýðingin sjálf.

Fyrri hluti ritgerðarinnar skiptist í þrjá kafla. Í fyrsta kafla er höfundurinn, Jón Gnarr, kynntur, mikilvægustu verk og atburðir lífs hans og einnig fjallað um bókina, söguþráð hennar og stíl. Annar kafli er fræðileg umfjöllun um þýðingarhugtök og þýðingaraðferðir sem voru notaðar í þýðingunni. Í þriðja kafla eru rædd þýðingavandamál sem komu fram við að þýða manna- og staðarnöfn, menningartengd orð, tilvísanir og orðatiltæki. Að lokum eru lokaorð þar sem allt er samantekið.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
1. Kafli: Höfundur og verk	2
1.1 Um höfundinn	2
1.2 Um bókina	2
2. Kafli: Þýðingarhugtök og aðferðir	4
2.1 Um jafngildi	4
2.2 Um þýðingaraðferðir	6
3. Kafli: Þýðingarvandamál og lausnir	8
3.1 Manna- og staðarnöfn	8
3.1.1 Mannanöfn	8
3.1.2 Staðarnöfn	10
3.2 Menningartengd orð og tilvísanir	12
3.2.1 Tilvísarnir í þjóðþekktu einstaklinga	12
3.2.2 Sögutengd tilvísun	13
3.2.3 Um Þorláksmessu	14
3.2.4 Um skipulag innanhúss	14
3.2.5 Um tilvísarnir í önnur verk	16
3.3 Orðatiltæki	16
3.3.1 Dæmi um orðatiltæki	17
Lokaorð	19
Heimildaskrá	20

INNGANGUR

Við lendum í þýðingum á hverjum degi og oft án þess að hugsa um það. Hnattvæðing hefur áhrif á veröldina og okkur; oft á tíðum hittum við erlent fólk, tölum við það, lesum bókmenntir þess o.s.frv. Þörfin fyrir þýðingar eykst og með þýðingum eflast einnig tengsl milli mála og menningarheima. Hins vegar hefur hingað til lítið verið þýtt á milli litáísku og íslensku. Þess vegna fannst mér áhugaverð áskorun fyrir lokaverkefni að prófa að þýða á milli þessara tungumála og sjá hvers konar vandamál koma fram.

Tilgangurinn með þessari ritgerð er að kynna bókina *Indjánann* eftir Jón Gnarr á litáísku og ræða stærstu vandamál sem komu upp þegar textinn var þýddur úr íslensku yfir á litáísku. Áhersla var lögð á þýðingavandamál sem koma fram vegna munar á milli tveggja menningarheima. Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er fræðileg umfjöllun um þýðingavandamál. Fyrsti kaflinn kynnir höfundinn Jón Gnarr, bókina *Indjánann*, söguþróun og stíl hennar. Annar kafli fjallar um hugtakið jafngildi og þýðingaraðferðir með dæmum úr þýðingunni. Í þriðja kafla er rætt um sérstök erfið atriði við að þýða manna- og staðarnöfn, menningartengd orð, tilvísarnir og orðatiltæki.

Ég valdi að þýða hluta þessarar bókar af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst var *Indjáninn* fyrsta bókina sem ég las á íslensku sem var ætluð fullorðnum þannig að ég hef ákveðnar tilfinningar gagnvart henni. Önnur ástæðan er sú að ég hafði áður þýtt einn kafla bókarinnar; það var í námskeiðinu Þýðingar haustið 2016. Mér fannst verkefnið skemmtilegt og ég vildi því þýða núna nokkra kafla frá byrjun, þ.e. þann hluta bókarinnar sem tengist því sem ég þýddi áður. Síðast en ekki síst skil ég vel þá kímigáfu sem er í bókinni og mér finnst hún myndin og skemmtileg.

1. KAFLI

HÖFUNDUR OG VERK

1.1 Um höfundinn¹

Jón Gnarr (f. 1967) er frægur íslenskur höfundur, leikari, skemmtikraftur og grínisti. Hann er m.a. landsþekktur fyrir útvarpsþáttinn Tvíhöfða, gamanþáttaröðina Fóstbræður og sjónvarpsþættina Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina. Jón vakti einnig mikla athygli bæði innlands og erlendis þegar hann stofnaði Besta flokkinn árið 2009. Flokkurinn bauð fram í borgarstjórnarkosningum árið 2010 og vann mikinn sigur. Jón varð borgarstjóri og gegndi því starfi þar til 2014. Hann byggði bókina *Gnarr: How I Became the Mayor of a Large City in Iceland and Changed the World* á reynslu sinni sem borgarstjóri; bókin kom út árið 2014. Jón sendi frá sér skáldsöguna *Miðnætursólborgina* árið 1989 og *Plebbabókina*, skýringarit, árið 2002. Lífsreynsla hans og upplifun sem barn höfðu áhrif á þrileikinn *Indjáninn* (árið 2006), *Sjóræninginn* (árið 2012) og *Útlaginn* (árið 2015). Bækurnar eru sjálfsævisögulegar og hann segir frá lífi sínu til nítján ára aldurs. Bækur-Jóns hafa verið þýddar yfir á ensku, þýsku og önnur tungumál.²

1.2 Um bókina

Höfundurinn sjálfur segir *Indjánann* vera skáldaða ævisögu. Þetta er mjög áhugaverð bókmenntategund og hann lýsir henni í eftirmálum bókarinnar á eftirfarandi hátt:

Margir spyrja sig eflaust hvort þessi bók sé ævisaga eða skáldsaga. Hún er bæði. Hún er ekki alveg sönn. Það er þó engin bein lygi í henni.³

Sagan segir frá strák sem heitir Jón. Það er hann sjálfur sem segir söguna og svo fylgir lesandi ævi hans frá því þegar hann fæddist þangað til þegar hann er um það bil tólf ára

¹ Upplýsingarnar um Jón Gnarr byggjast á <http://bokmenntaborgin.is> og <https://is.wikipedia.org> nema annað sé tekið fram.

² https://www.amazon.com/J%C3%B3n-Gnarr/e/B00J24BIPQ/ref=ntt_dp_epwbk_0

³ Jón Gnarr 2014: 221.

gamall. Jón er barn eldri hjóna – mamma hans var 45 ára og pabbi hans var fimmtugur þegar þau eignuðust hann. Fæðing hans var „reiðarslag“ (bls. 9) fyrir fjölskylduna.⁴ Allir voru hræddir um að hann gæti verið þroskaheftur vegna þess að foreldrar hans voru eldri en venjulegt var. En þetta var ekki eina vandamálið – hann fæddist með rautt hár og því var hann allt frá byrjun óvenjulegur strákur af því að það var enginn annar rauðhærður í fjölskyldunni. Þá er sagt frá ýmsum ævintýrum, atburðum og vandræðum sem Jón lenti í.

Stíll bókarinnar einkennist af frekar stuttum setningum. Þetta gefur lesandanum betri tilfinningu um að litli strákurinn segir sjálfur sögu sína með einföldum og frekar hversdaglegum orðaforða og án þess að nota of flókin orð. Sögumaður byrjar söguna á sköpunarsögunni í Fyrstu Mósebók í Gamla testamentinu og fæðingu sinni. Smám saman fer hann svo að segja frá umhverfi sínu: hann lýsir pabba sínum, mömmu, systkinum, öðrum fjölskyldumeðlimum og heimili sínu. Þannig fær lesandi glögga mynd af aðalpersónunni. Ritmál og talmál blandast saman. Talmálið í samtölunum hljómar mjög eðlilega, t.d. „Ohhh, kræst!“ (bls. 24) en líka almennt í textanum, t.d. notar hann skammstöfunina Mogginn í staðinn fyrir Morgunblaðið (bls. 25). Höfundurinn notar einnig vísanir í önnur verk. Sem dæmi má nefna það sem þegar hefur verið sagt frá um upphaf bókarinnar þar sem vitnað er beint til Fyrstu Mósebókar.

Í fyrstu sýn virðist bókin auðveld aflestrar af því að setningar eru stuttar og málið hljómar stundum jafnvel barnalega. Þegar ég byrjaði að þýða sá ég að það var alls ekki svo auðvelt að yfirfæra allt þetta úr íslensku yfir á litáísku. Stuttar setningar hljómuðu stundum einkennilega á litáísku og í sumum tilfellum var erfitt að viðhalda gamansemi. Engu að síður var gerð tilraun til að halda marktættanum nálægt frumtextanum.

⁴ Hér og eftirleiðis er vitnað til *Indjánans* aðeins með blaðsíðutali en ártalinu sleppt.

2. KAFLI

PÝÐINGARHUGTÖK OG AÐFERÐIR

Það má segja að hlutverk þýðinga sé að hjálpa okkur að hafa samskipti og skiptast á reynslu á milli mismunandi menninga og landa. Við lendum í þýðingum á hverjum degi; oft án þess að hugsa um það, t.d. með því að horfa á útlenska mynd með texta í sjónvarpinu eða lesa innihaldslýsingar matvæla á öðrum tungumálum. Þýðingasaga tekur okkur langt aftur í tímann – meira en tvö þúsund ár. Fyrstu þýðingar sem heimildir eru um finnast í Alexandríu þegar 70 Gyðingar unnu að þýðingunni á Septuagintunni (sem er fyrsta gríska þýðing Gamla testamentisins) úr hebresku yfir á grísku.⁵ Hver og ein þýðing er einstök og með hverri þeirra þróast þýðingarhefðir og -venjur. Hingað til hefur lítið verið þýtt af íslensku yfir á litáísku og þar með skiptir hver þýðing miklu máli í að skapa hefðir í þýðingu á milli málanna. Þýðandi skoðar oft aðrar þýðingar sem voru gerðar áður og notar þær, t.d. til að sjá hvernig eitt eða annað orð var þýtt. Þannig má segja að þýðingar hafa áhrif á hver aðra og ein þýðing er byggð á annarri, stundum jafnvel endurgerð, endurbætt, gagnrýnd o.s.frv. Á þennan hátt þróast þýðingarhefðir í vissum menningum og málum og smám saman safnast saman þekking sem bætir við þróun þýðingarkenninga almennt.

2.1 *Um jafngildi*

Með tímanum urðu þýðingaraðferðirnar margar og á hverjum tíma bættust við hugtök og sjónarhorn sem tekist var á um á fræðasviðinu. Margar þýðingakenningar snúast um hugtakið *jafngildi* sem segir að einhver hugmynd á einu tungumáli gæti haft sömu merkingu á öðru. Samkvæmt Anthony Pym varð þetta hugtak aðaleinkenni þýðingakenninga á 7.–8. áratug tuttugustu aldar.⁶ Fræðimaðurinn Eugene A. Nida skrifaði mikið um jafngildi og kom hugtakinu í notkun. Ástráður Eysteinnsson ræðir um kenningar Nida og lýsir kjarnahugtakinu á eftirfarandi hátt:

⁵ Ástráður Eysteinnsson 1996: 35.

⁶ Pym 2010: 6.

Í jafngildi felst að þýðandi reynir að veita þeim boðum sem hann sendir frá sér skírskotun sem samsvarar skírskotun upphaflegra boða; hann kappkostar að láta þau gegna samsvarandi eða jafngildu *hlutverki* í „nýjum“ texta á öðrum máli.⁷

Hugtakið merkir að tengingin á milli frumtextans og markttextans er jafngild í formi, hlutverki eða einhverju öðru.⁸

Samkvæmt Nida eru engin tvö tungumál alveg eins og þess vegna er ekki hægt að finna fullkomið jafngildi á milli tveggja tungumála.⁹ Nida heldur því fram að það séu til tvennskonar jafngildi: *formlegt jafngildi* og *áhrifajafngildi*. Hann segir að: „formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki“ og þannig ætti þýðandi að sjá um að „boðin í viðtökumálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu“.¹⁰ Hins vegar einbeittir áhrifajafngildi sér að áhrifum, þ.e. markmiðið er „að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur“.¹¹ Þá má nefna dæmi sem Pym gefur til að útskýra þessar tvær tegundir af jafngildi.¹² Friday the thirteenth (Föstudagurinn þrettándi) þýðir í mörgum menningum dagurinn þegar eitthvað slæmt er líklegra til að gerast en aðra daga; en samt ekki í öllum. Í spænskum menningarheimum er þessi dagur kallaður martes 13 – Tuesday the thirteenth. Að þýða martes 13 sem þriðjudagurinn þrettándi væri þá formlegt jafngildi samkvæmt Nida því að það endurspeglar nákvæmlega sama sem stendur í frumtextanum. Hinsvegar væri föstudagurinn þrettándi áhrifajafngildi af því að það hefur sömu áhrif í markmenningu og í frummenningu. Það sem skiptir máli þegar áhrifajafngildi er notað er það sem er eðlilegt og er venjulega sagt í markmenningunni eða á því tungumáli sem þýtt er á. Áhrifajafngildi var mikið haft í huga í þessari þýðingu og tilraun var gerð til að finna jafngildi sem hæfir best, hverju sinni.

⁷ Ástráður Eysteinnsson 1996: 90.

⁸ Pym 2010: 6.

⁹ Nida 2012: 126.

¹⁰ Ástráður Eysteinnsson 1996: 90.

¹¹ Ástráður Eysteinnsson 1996: 91.

¹² Pym 2010: 7-8.

2.2 Um þýðingaraðferðir

Í þýðingunni sjálfri var einblínt á hugtakið jafngildi og það var gerð tilraun til að finna næst mögulegt jafngildi til að gefa lesanda marktíttans sömu áhrif og lesandi frumtextans fær. Nokkrar mismunandi þýðingaraðferðir voru notaðar til að reyna að ná þessu fram. Ein þeirra heitir *aðlögun*. Aðlögun merkir að þýðandi þarf að aðlaga textann fyrir lesanda sem hefur aðra menningu og tungumál. Þetta er aðferð, sem samkvæmt Nida, felur í sér tvær meginreglur – að aðlaga málfræði og orðaforða.¹³ Að gera málfræðilegar breytingar þýðir að þýðandi þarf að breyta orðaröð, skipta nafnorði út fyrir sagnorð o.s.frv. af því að eins og sagt var áður eru engin tvö tungumál eins. Að aðlaga orðaforða er nokkuð flóknara vegna þess að það eru engar staðfestar reglur til þess heldur er oft um fleiri en einn möguleika að velja. Það fer oft eftir merkingarlegu vægi orðsins í markmáli hvaða orð eru valin.¹⁴ Sem dæmi úr þýðingunni má nefna orðið *hjónaþerbergi* þar sem margir möguleikar voru fyrir hendi í litáísku en valið var það sem hæfði best í markmálinu (sjá kafla 4).

Aðlögunaraðferðin sem beitt var í þýðingunni var aðlögun íslenskra sérnafna. Íslenska og litáíska eru tungumál sem tilheyra mismunandi tungumálgreinum: íslenska er germanskt tungumál á meðan að litáíska er baltneskt mál. Þau eru með mismunandi stafsetningu, stafróf, hljóðkerfi o.s.frv. Aðlögun var oft notuð þegar þurfti að yfirfæra eiginnöfn og staðarnöfn úr íslensku yfir á litáísku (nánar verður fjallað um þetta í kafla 3). Litáísk málnefnd (lit. Valstybinė lietuvių kalbos komisija) hefur gefið út sérstakar reglur í litáísku um hvernig eigi að aðlaga útlensk manna- og staðarnöfn.¹⁵ Þau á að aðlaga samkvæmt litáískum framburði en einnig ber að aðlaga litáíska málfræði með því að bæta viðeigandi endingu við sérnöfnin sem gefa málfræðilegar upplýsingar. Þannig verður Eyrún *Eirūna* (-a er ending fyrir kvenkynsnafnorð) og Gulli verður *Gulis* (-is er ending fyrir karlkynsnafnorð).

Önnur aðferð sem var líka notuð hér heitir *orð fyrir orð*. Hún felur í sér að textinn er þýddur beint, þ.e. hann er yfirfærður beint úr frummáli yfir á markmál án þess að þurfa að aðlaga hann mikið. Jean-Paul Vinay og Jean Darbalnet segja að hlutverk þýðanda er lítið hér, þ.e. hann á bara að sjá til þess að það sé samræmi í markmáli.¹⁶

¹³ Nida 2012: 136.

¹⁴ Nida 2012: 136.

¹⁵ <http://www.vlkk.lt/vlkk-nutarimai/suvestines-nutarimu-redakcijos/del-lietuviu-kalbos-rasybos-ir-skyrybos>

¹⁶ Vinay og Darbalnet 2012: 86.

Samkvæmt þeim kemur þessi aðferð sér vel þegar þýtt er á milli tungumála sem tilheyra sömu tungumálagrein og deila sama menningaheimi.¹⁷ Orð fyrir orð kom sér vel þegar það var orð í frumtextanum sem var ekki hægt að finna samsvörun við í markmáli. Orðið *sjónvarpsherbergi* (sjá kafla 4) var þýtt á þennan hátt þar sem svona orð er ekki til í litáísku en var bara þýtt beint (sjá kafla 2). Götunöfnin *Vonarstræti* og *Suðurgata* voru einnig þýdd orð fyrir orð (nánar er rætt um þetta í kafla 3).

Það er einnig til aðferð sem heitir *útskýring* (e. *explicitation*). Hún er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Procedure whereby the translation gives specifications that are only implicit in the source text. Example: “students of St. Mary’s” becomes “étudiantes de l’école St. Mary”, where the French specifies that the students are women and St. Mary’s is a school.¹⁸

Í skilgreiningunni er sagt að eitthvað sem er skýrt í einu tungumáli og menningu þarf stundum að þýða með fleiri orðum og útskýringum í öðru. Þessi aðferð var notuð til að þýða orð og hugtök sem eru alls ekki til í litáískri menningu og gætu verið erfið fyrir lesanda að skilja, jafnvel þó að þau væru þýdd orð fyrir orð. Sem dæmi má nefna orðið *símaherbergi* sem er framandi í litáískum menningarheimi. Þannig þurfti að beita útskýringaaðferðinni í þýðingunni og þýða orðið „herbergi fyrir símtöl“ eins og nánar verður vikið að í kafla 4.

¹⁷ Vinay og Darbalnet 2012: 86.

¹⁸ Pym 2010: 14.

3. KAFLI

ÞÝÐINGARVANDAMÁL OG LAUSNIR

3.1 Manna- og staðarnöfn

Það er nauðsynlegt að segja nokkur orð um íslensk manna- og staðarnöfn. Þau hljóma stundum framandi í eyrum litáískra lesenda og þess vegna er mikilvægt að þýða þau svo að textinn flæði. Það eru nokkrar reglur um hvernig útlensk manna- og staðarnöfn eru aðlöguð litáískri málhefð.¹⁹ Aðalreglan er sú að útlensk nöfn eru skrifuð samkvæmt framburði og svo er oft ýmsum endingum bætt við sem vísa í kyn nafnorðanna til þess aðlaga þau að litáísku beygingarkerfi. Þessi regla virkar þó ekki alltaf. Í nokkrum tilfellum var nauðsynlegt að þýða með aðferðinni orð fyrir orð vegna þess að það var erfitt að finna samsvörun og þannig voru sum nöfn þýdd á þennan hátt þegar þýðanda fannst það mikilvægt.

3.1.1 Mannanöfn

Nöfnin í textanum eiga sér ekki öll hefð eða aðrar þýðingar sem hægt var að bera saman við og því var nauðsynlegt að nota mismunandi aðferðir til að þýða þau. Aðferðunum sem beitt var í þýðingunum á mannanöfnum má skipta í eftirfarandi þrjá flokka:

1. Leitað var að samsvörun nafnanna í litáísku.
2. Leitast var við að aðlaga íslensk málhljóð, sem Litáum er framandi, yfir á hljóðkerfi litáísku.
3. Stafsetningu íslenskunnar þurfti að aðlaga samkvæmt stafsetningarreglum litáísku

¹⁹ <http://www.vlkk.lt/vlkk-nutarimai/suvestines-nutarimu-redakcijos/del-lietuviu-kalbos-rasybos-ir-skyrybos>

Í fyrsta flokkinn falla þau mannanöfn sem eiga sér samsvörun á litáísku og þannig voru þau ekki erfið að þýða, t.d. *Anna – Ana, Óskar – Oskaras, Gústa – Gusta, Nicolai – Nikolajus, Jón – Jonas og Stalín – Stalinas*.

Atriði í öðrum flokki voru flóknari vegna mismunandi málhljóða í íslensku og litáísku. Nafnið *Guðrún* ætti að vera *Gvudrūna* samkvæmt framburðarreglum en það er óþjálmt og erfitt fyrir litáískan lesanda að bera fram „gvu“ í byrjun orðsins. Því var valið að sleppa „v“ og hafa nafnið *Gudrūna*. Valið var líka byggt á því að í nokkrum öðrum þýðingum úr íslensku yfir á litáísku er það líka þýtt *Gudrūna*.²⁰

Nafnið *Stína* var þýtt *Stina*. Í íslensku er hljóðið /í/ í nafninu *Stína* langt, nálægt og frammælt hljóð. Í litáísku er ekkert sérhljóð sem er nákvæm samsvörun við íslenska hljóðið en þó komast hljóðin /i/ og /y/ næst því. Það er samt til stafurinn *į* sem táknar svipað hljóð og /í/ en vandamálið er að þessi stafur er mjög sjaldan skrifaður í miðju litáískra orða, sérstaklega ekki í sérnöfnum. Þar sem íslenska sérhljóðið er langt í nafninu *Stína* ætti litáíska þýðingin að vera *Styna*. Litáíska sérhljóðið /i/ er aðeins styttra og áhersluminna en það er í upprunalega nafninu í íslensku en það hljómar samt nær upprunalegum hljóm heldur en lengri samsvörunin /y/. Það var því ákveðið að velja /i/ í staðinn fyrir /y/.

Sem dæmi úr þriðja flokki þar sem stafsetning var aðlöguð má nefna kvenkynsnafn *Eyrún*. „Ey“ var breytt í „Ei“ af því að það er ekki til tvíhljóðið „ey“ í litáísku (sama er t.d. í orðinu *Reykjavík – Reikjavikas*). Þannig varð nafnið á litáísku *Eirūna*.

Hér fylgir listi yfir öll mannanöfn úr textanum og litáískar þýðingar þeirra:

Mannanöfn á íslensku	Mannanöfn á litáísku
<i>Anna</i>	<i>Ana</i>
<i>Eyrún</i>	<i>Eirūna</i>
<i>Guðrún</i>	<i>Gudrūna</i>
<i>Óskar</i>	<i>Oskaras</i>
<i>Anna Stína</i>	<i>Ana Stina</i>
<i>Gústa</i>	<i>Gusta</i>

²⁰ T.d. Aurelijus Vijūnas. 2015. *Islandų pasakos ir sakmės*. Vilnius: Tyto alba; Rasa Ruseckienė. 2007. *Hulda, elfų karalienė: islandų liaudies sakmės ir pasakos*. Vilnius: Vaga.

<i>Gulli</i>	<i>Gulis</i>
<i>Nicolai Bjarnason</i>	<i>Nikolajus Bjarnasonas</i>
<i>Stalín</i>	<i>Stalinas</i>
<i>Jón Sigurðsson</i>	<i>Jonas Sigurdsonas</i>
<i>Gufubaldína</i>	<i>Guvubaldina</i>

3.1.2 Staðarnöfn

Þegar við tölum um staðarnöfn erum við að ræða um götunöfn og bæjar- og ríkjaheiti. Þeim má skipta í þrjá flokka þar sem mismunandi aðferðir voru notaðar til að þýða:

1. Staðarnöfn sem eru algeng og má finna í orðabókum.
2. Staðarnöfn sem voru flóknari en fundust í sérhæfðri orðabók.
3. Önnur atriði sem fundust engar fyrri þýðingar af.

Í fyrsta flokkinn falla þau staðarnöfn úr textanum sem eru mjög algeng í litáísku, þ.e. oft notuð í málinu og þörfnuðust ekki nánari íhugunar, t.d. Noregur, Reykjavík, Ísland o.s.frv. Það er langt síðan það myndaðist hefð um hvernig á að þýða þessi nöfn og þau hafa verið skrifuð margoft í litáískum fréttum, bókum og greinum. Það þarf því ekki að endurþýða þau.

Í öðrum flokki kom sér vel orðabók sem er til á netinu yfir mörg staðarheiti í heiminum (*Pasaulio vietovardzių žodynas*) á litáísku.²¹ Nokkur flóknari nöfn með framandi stafsetningu eða þau sem aldrei eða mjög sjaldan sjást í litáískum textum var hægt að finna í orðabókinni svo þýðandi lenti ekki í vandræðum með að aðlaga þau. Þar má nefna staðarnöfn á borð við *Brjánslækur – Brjaunslaikuras*, *Stykkishólmur – Stikishoulmuras* o. fl.

Önnur staðarnöfn, sem fundust engar fyrri þýðingar á, þurfti þýðandinn að þýða sjálfur og beitti hann mismunandi aðferðum við það.

Í staðarnafninu *Fossvogur* þarf að umrita orðið á litáísku samkvæmt stafsetningar- og beygingarreglum litáísku. Þannig varð Fossvogur *Fošvoguras* vegna

²¹ <https://www.melc.lt/e-zodynai/vietovardziai>

Þess að /š/-hljóðið í litáísku samsvarar löngu s-hljóði í íslensku eins og í orðinu „foss“ en -as er beygingarending.

Götunafnið *Laugavegur* var líka aðlagð litáískri málhefð með því að aðlaga orðið að stafsetningar- og beygingarreglum litáísku. Sérhljóðið [öi] er skrifað með bókstöfunum „oi“ í litáísku og því verður Lauga – Loiga. Aðlögun var samt ekki nóg og þá var einnig bætt við útskýringu um hvaða sérstöðu Laugavegur hefur nákvæmlega í borginni. Þegar fólk á Íslandi heyrir Laugavegur þá skilur það að þetta er stærsta verslunargatan í miðbæ Reykjavíkur. Fyrir litáíska lesendur er það ekki svo skýrt þannig að skýringu var bætt við. Setningin í (1) var þýdd á eftirfarandi hátt:

(1) Á Laugaveginum sá hún í búðarglugga stígvél... (bls. 14)

Loigavegure, pagrindinēje Reikjaviko apsipirkimū gatvėje, esančios parduotuvės lange, ji pamatė batus...

Á Laugaveginum, aðal Reykjavíkur verslunargötunni, í búðarglugga, hún sá stígvél...

Svipað var uppi á teningunum þegar götunöfnin *Suðurgata* og *Vonarstræti* voru þýdd. Ef maður kann enga íslensku þá skilur maður ekki hvað *gata* eða *stræti* þýða. Þess vegna fannst þýðanda ekki nægjanlega gott að aðlaga orðin aðeins að framburði og setja þau í setningu. Fyrsta hugmyndin var að bæta við orðinu *gatvė* sem á litáísku þýðir *gata/stræti* og hafa það *Suðurgata ir Vonarstraiti gatvė*. En að mati þýðanda hljómaði það einhvern veginn klaufalega því að bæði *gata/stræti* og *gatvė* þýða sama. Valið var að þýða sjálf nöfn gatnanna af því að Suður og Vonar eru frekar einföld orð sem er auðvelt að þýða. Merkingin breyttist ekki:

(2) ... á horni Suðurgötu og Vonarstrætis. (bls. 18)

... Pietinės ir Vilties gatvių susikirtime.

... Suður og Vonar gatna á horni.

Hér fylgja öll staðarnöfn úr textanum og litáískar þýðingar þeirra:

Staðarnöfn á íslensku	Staðarnöfn á litáísku
<i>Kópavogur</i>	<i>Koupavoguras</i>

<i>Noregur</i>	<i>Norvegija</i>
<i>Reykjavík</i>	<i>Reikjavikas</i>
<i>Laugavegur</i>	<i>Loigaveguras</i>
<i>Ísland</i>	<i>Islandija</i>
<i>Grindavík</i>	<i>Grindavikas</i>
<i>Suðurgata</i>	<i>Pietinè gatvè</i>
<i>Vonarstræti</i>	<i>Vilties gatvè</i>
<i>Stykkishólmur</i>	<i>Stikishoulmuras</i>
<i>Brjánslækur</i>	<i>Brjaunslaikuras</i>
<i>Fossvogur</i>	<i>Fošvoguras</i>

Við sjáum að það er erfitt að fá læsilega og skiljanlega þýðingu á texta ef notast er við eina reglu við að þýða bæði manna- og staðarnöfn. Þýðanda fannst mikilvægt að hjálpa lesandanum í gegnum textann með innskotum um menningu sem skilst ekki á litáísku svo lesandinn villist ekki í honum og hafa nöfnin á þægilegu máli svo auðveldara sé að tengja við þau þegar maður les á litáísku.

3.2 Menningartengd orð og tilvísanir

Sum orð og sumar tilvísanir eru mjög menningar- og sögulega staðbundnar. Maður sem býr í sama samfélagi og umhverfi og höfundur skilur texta og slík orð og tilvísanir oftast án þess að stoppa og hugsa um þau. Þegar lesandi, sem er ókunnugur staðarháttum eða menningu, fær textann þarf útskýringar til þess að skilaboð höfundar komist til skila. Það er mikilvægt og krefjandi verkefni þýðanda að yfirfæra svona orð, tilvísanir og hugtök úr einu tungumáli á annað. Í þessum kafla verða tekin nokkur dæmi um slík þýðingarvandamál.

3.2.1 Tilvísanir í þjóðþekktu einstaklinga

Allar þjóðir eiga allskonar hetjur sem allir þekkja bara við að heyra nafnið. Útlendingar tengja hins vegar ekki endilega við nafnið en geta tengt við verknaðinn eða persónuna og þá þarf frekari útskýringar til að halda samhengi textans. Jón Sigurðsson var að minnsta kosti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni og allir þekkja hann hér á landi.

En Litáar þekkja líklega lítið til sögu Íslands en þá helst nútímasöguna. Því var útskýringum bætt við nafn Jóns Sigurðssonar:

(3) ... og fannst Stalín miklu merkilegri pappír en Jón Sigurðsson og félagar hans. (bls.19)

... ir Stalinas jam atrodé daug íspūdingesnis nei kovotojas už laisvę Jonas Sigurdsonas bei jo bendražygiai.

... og Stalín fannst honum miklu merkilegri en baráttumaður fyrir frelsi Jón Sigurðsson og félagar hans.

Það má hins vegar líka nefna dæmi um nafn þar sem ekki þótti nauðsynlegt að bæta útskýringu við. Á bls. 18 er nefndur til sögunnar *Nicolai Bjarnason* sem jafnvel Íslendingar vita ekki hver var. Það eru ekki margar upplýsingar um hann og það myndi þurfa langt mál til að útskýra hver hann var. Því var valið að skilja nafnið eftir eins og það er og láta litáískum lesanda (jafnt og íslenskum) eftir að skilja að þetta var einhver maður sem „gróðursetti garðahlyninn á horni Suðurgötu og Vonarstrætis“ (bls. 18).

3.2.2 Sögutengd tilvísun

Sögutengt dæmi er *frostaveturinn mikli* (bls. 18). Þetta nafn er haft yfir veturinn árið 1918 þar sem mikill kuldi stóð yfir í langan tíma. Íslenskumælandi veit oftast að *frostaveturinn mikli* var einmitt þessi vetur og það er ekki nauðsynlegt að bæta ártalinu 1918 við til að skilja hvað um er rætt. Ákveðni greinirinn leggur áherslu á að þetta var sérstakur vetur með óvenjulega miklum kulda. Það vekur líka athygli að lýsingarorðið kemur á eftir nafnorðinu en það er notað til að leggja enn meiri áherslu á það hversu kaldur veturinn var. Veik beyging lýsingarorðsins *mikill* sem fer á eftir nafnorðinu felur í sér samanburðarmerkingu og leggur líka áherslu á að veturinn er einstakur. Ef við myndum nota sterka beygingu, t.d. með því að tala um *mikinn frostavetur* erum við að vísa í að veturinn hafi verið töluvert verri en venjulega en ekki endilega einstaklega slæmur. Það er eins og t.d. *Alexander mikli* eða *Katrín mikla* þar sem *mikli/mikla* hjálpa að greina þau frá öllum öðrum. Þýðandi fann enga fyrri þýðingu af hugtakinu *frostaveturinn mikli* í litáískum textum, þannig var hlutverk hans að þýða þetta yfir á litáísku. Reynt var að þýða beint og þá voru tveir valkostir í boði:

(4) (a) *Didžioji speigo žiema – Mikli frosta vetur*

(b) *Didžiojo speigo žiema – Mikla frosta vetur*

Hér sjáum við að munurinn liggur aðeins í einu orði. *Didžioji* (lo. nf.) í fyrra dæminu vísar til *vetur* (*žiema*) á meðan *Didžiojo* (lo. ef.) í síðara dæminu vísar til *frosta* (*speigo*). Orðið *mikli* í *frostaveturinn mikli* lýsir bæði *frost* og *vetur* en síðara dæmið var valið af því að þar er lögð meiri áhersla á það að það var mikill kuldi þann vetur. Litáískur lesandi skilur að þetta var óvenjulegur vetur líka vegna endingarinnar *-ojo* (kk. ef. et.) sem er nokkurs konars ákveðni í litáísku (greinir er ekki til í litáísku). Svona ákveðin lýsingarorð eru oft notuð til að mynda sérnöfn, t.d. *Didžioji Prancūzijos revoliucija* (franska byltingin), *Antrasis pasaulinis karas* (seinni heimsstyrjöldin). Einnig er orðasambandið *Didžiojo speigo žiema* skrifað með hástaf sem gerir það fast orðasamband og þannig augljóslega sérstakt.

3.2.3 *Um Þorláksmessu*

Það var líka mikil vinna lögð í orðið *Þorláksmessa* (bls. 16) því að engin fyrri þýðing fannst. Þetta er messudagur þann 23. desember og þannig var fyrst gerð tilraun að finna jafngildi í litáískri menningu. En í Litáen gerist yfirleitt ekkert merkilegt þann 23. desember og dagurinn á ekki sérstakt nafn. Það var ekki heldur hægt að finna jafngildi þess að *Þorláksmessa* er fasttengd Íslandssögu því að Þorlákur var íslenskur biskup sem dó 23. desember. Bein þýðing var líka erfið í þessu tilfalli og lokaútgáfan hljóðar á þessa leið:

(5) ... á Þorláksmessukvöld...

Švento Torlako dienos vakarą...

Að kvöldi dags helga Þorláks...

3.2.4 *Um skipulag innanhúss*

Nokkur orð má segja um skipulag innanhúss. Orðið *símaherbergi* kom upp í textanum nokkrum sinnum og það var erfitt að þýða það. Síminn á litáískum heimilum var oft geymdur á ganginum eða jafnvel í svefnherberginu og hugtakið *símaherbergi* er ekki til í litáísku. Einnig er ekki svo skýrt hvað gerist í símaherberginu. Hvorki jafngildi né bein

Þýðing var möguleg og þannig var orðið þýtt með útskýringu á því hver tilgangur herbergsins er:

(6) ... breytist það í símaherbergi. (bls. 12)

... jis tampa kambariu telefoniniam pokalbiam...

... það breytist í herbergi fyrir símtöl...

Orðið sjónvarpsherbergi er af svipuðu tagi. Í Litháen er sjónvarp oftast í stofu eða svefnherbergi og það er ekki kallað *sjónvarpsherbergi*. Samt var valið hér að þýða orðið beint af því að það var nóg til að skilja tilgang herbergsins, þ.e. að þetta er herbergi til að horfa á sjónvarp:

(7) ... sjónvarpsherbergi... (bls. 12)

... televizoriaus kambarys...

... sjónvarps herbergi...

Þriðja herbergið sem var áhugavert að þýða var *hjónaherbergi*. Það var þýtt á eftirfarandi hátt:

(6) ... við enda gangsins er hjónaherbergi. (bls. 12)

... koridoriaus gale yra tøvü miegamasis.

... við enda gangsins er foreldra svefnherbergi.

Orðasamböndin *poros kambarys* (hjóna herbergi) eða *poros miegamasis* (hjóna svefnherbergi) eru lítið notuð í litáísku. Þau eru notuð meira ef talað er um húsnæði almennt eða húsnæði sem er til sölu eða leigu. Þessi orð eru notuð þegar talað er um eitthvað sem er framandi og ókunnugt. Hins vegar er orðasambandið *tøvü miegamasis* notað þegar talað er um heimili þar sem einhver fjölskylda býr og eitthvað er vitað um hana. Það passaði hér best af því að persóna Jóns lætur lesanda koma inn á heimili sitt og sýnir allt þar inni (bls. 11-12). Hann segir líka frá því að hann sefur í hjónaherberginu fyrstu árin ásamt mömmu og pabba sem lætur lesanda vita að hann á foreldra. Þannig er *tøvü miegamasis* besti valkosturinn hér út frá samhengi.

3.2.5 Um tilvísarnir í önnur verk

Það er gott að nefna eitt dæmi sem þýðingin sjálf hófst á en það er sértílik þar sem vísað var til annarrar bókar sem hefur verið þýdd á fjöldamörg tungumál, þ.m.t. íslensku og litáísku. Bókin *Indjáninn* byrjar svona:

Í UPPHAFI SKAPAÐI Guð himin og jörð. Jörð var þá auð og tóm og myrkur grúfði yfir djúpinu, og andi Guðs sveif yfir vötnunum.

Guð sagði:

„Verði ljós!“

Og það varð ljós.

Þetta er bein tilvísun úr Biblíunni, nánar tiltekið Mósebók 1:1-3.²² Biblían var þýdd fyrir löngu á litáísku og því var engin þörf að þýða þennan hluta textans sérstaklega, jafnvel þó að það hafi ekki verið þýdd beint á milli íslensku og litáísku eiga báðar þýðingarnar sér sama uppruna. Þýðandinn tók þessar línur úr litáísku þýðingu Biblíunnar og setti beint í þýðinguna án þess að laga eða gera neitt annað við þær. Þetta er líka gott dæmi um hvernig þýðandi þarf alltaf að vera varfærinn í textanum til að missa ekki af tilvísunum í önnur verk.

Það er hægt að sjá úr þessum sjö dæmum að það er mikilvægt fyrir þýðanda að þekkja menningu og sögu samfélags þess tungumáls sem hann er að þýða úr. Einnig er gott að nota mismunandi aðferðir til að þýða og hafa lesanda alltaf í huga.

3.3 Orðatiltæki

